

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs
haldinn í Suðurgötu 3, föstudaginn 14. febrúar 2014 kl, 15.00

Mætt: Katrín, Sóley, Hlynur, Bjarni, Líf, Svandís, Elín og Hildur. Auk þess sátu þau frá UVG, Þóra Elfa frá EVG og Líska og Daníel frá skrifstofunni fundinn.

1. Dagskráin framundan

- a. Samþykkt að halda sveitarstjórnarráðstefnu í Hafnarfirði 12. apríl.
- b. Samþykkt að stefna að aukaflokksráðsfund í júní.

2. Ályktanir sem vísað var til stjórnar frá flokksráðsfundi

- a. Um olíuvinnslu. Eftirfarandi tillaga samþykkt:

Loftslagsvandinn er ein alvarlegasta ógnin sem steðjar að mannkyninu og eitt flóknasta viðfangsefni samtímans. Ísland getur verið í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu þar sem hér er hægt að fullnægja orkubörf samfélagsins að verulegu eða öllu leyti án jarðefnaeldsneytis. Með róttækri orkuskiptaáætlun getur Ísland þannig haft veruleg áhrif á alþjóðlega umræðu um hvernig draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að áform um olíuvinnslu við Ísland verði að endurmeta í ljósi loftslagsmarkmiða og orkuskiptaáætlunar af því tagi. Til þess að renna styrkum stoðum undir skýra afstöðu hreyfingarinnar í þeim efnum mun stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs láta vinna greinargerð þar sem tekið verður mið af nýjustu úttektum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra hópa vísindamanna, skoðaðir möguleikar á orkuskiptum þannig að Ísland geti dregið verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis og jafnframt farið yfir umhverfisáhrif, samfélagsáhrif og efnahagsleg áhrif þátttöku Íslendinga í vinnslu jarðefnaeldsneytis. Sú greinargerð skal vera undristaða frekari umræðu um málefnið á næsta flokksráðsfundi og á landsfundi 2015 í framhaldi.

- b. Óheilbrigðar fjárfestingar. Tillagan samþykkt svo breytt:

Vinstrihreyfingin – grænt framboð lýsir yfir áhyggjum af þeim einkavæðingaráformum sem komið hafa fram að undanfögnu, til að mynda hvað snertir samgöngumannvirki; flugvelli, hafnir og vegi. Á meðan íslenskt hagkerfi er undir gjaldeyrishöftum og undir stjórn hægrisinnaðrar ríkisstjórnar er aukin hætta á að fjárfestar beini sjónum að innviðum samfélagsins sem markaðsvöru og verðmæti safnist á fárra hendur sem aftur bitnar á hagsmunum almennings. Afleiðingar þessa birtast líka í því að ýmis fjárfestingafélög hafa komið fram í krafti lífeyrissjóðanna og keypt markvisst upp ýmsar fasteignir sem skammtímafjárfestingu. Magnkaup fjárfestingarfélaganna skapa hættu á nýrri húsnæðisbólgu. Því er brýnt að vinna raunhæfa áætlun um afnám gjaldeyrishafta í íslensku samfélagi og að stjórnvöld vinni markvisst að því að koma í veg fyrir samþjöppun eigna og einkavæðingu samfélagsverðmæta.

- c. Ályktun um húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan samþykkt efnislega en vísað til frágangs hjá Elínu og Líf.

3. Sveitarstjórnarkosningar

- a. Málefnavinna. Drög að miðlægum áherslum kynnt og send til miðlægrar kosningastjórnar til meðferðar.
- b. Miðlæg kosningastjórn. Samþykkt að Sóley taki við sem formaður miðlægrar kosningastjórnar í fjarveru Björns Vals.

- c. Kynningarefni – heimasíða. Daníel, Líf og Lísu falið að kanna kosti varðandi hönnun og nýtingu heimasíðunnar.
4. Fjármál. Umræður um húsnæðismál, styrktarmannakerfi og rekstur skrifstofunnar.
5. Starfsháttanefnd. Una Hildardóttir, nýskipuð talskona sat fundinn undir þessum lið og greindi frá störfum og fyrirætlunum starfsháttanefndar.
6. Staða stjórnmalanna. Svandís sagði frá stöðu mála á þingi. Umræður.
7. Önnur mál.
 - a. Umræður um verkaskiptingu og starfshætti innan stjórnar.
 - b. Erindi frá Margréti Pétursdóttur. Daníel falið að svara með vísan til málsmeðferð ályktunarinnar fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 17.07. Næsti fundur áætlaður 7. mars.